



Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin

Borgartúni 21
105 Reykjavík

Kópavogi, 28. janúar 2026
26012637/001.02 HO

Efni: Greinargerð Kópavogsbæjar í málinu nr. UUA2601015, kæra Húsfélagsins Hamraborg 10, dags. 15. janúar 2026, þar sem kærð er verkstjórn og óleyfisframkvæmdir vegna niðurrifs í miðbæ Kópavogs, Fannborg 2.

Með tölvupósti dags. 28. janúar 2026 framsendi úrskurðarnefndin Kópavogsbæ framangreinda kæru. Í greinargerð þessari er viðhorfum Kópavogsbæjar lýst til kærunnar.

Málavextir

Þann 15. janúar barst byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar kæra kæranda dags. s.d. til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins þar sem kærð er sú ákvörðun og verkstjórn byggingarfulltrúa að aðhafast ekkert vegna niðurrifs Fannborgar 2. Byggingarfulltrúi fór á vettvang daginn eftir að kæran barst og stöðvaði framkvæmdir, en í ljós kom að búið var að rjúfa gat í skyggni á byggingunni. Stöðvun framkvæmda var svo ítrekuð með tölvupósti til framkvæmdaraðila sama dag (**sjá fskj. 1**). Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að framkvæmdaraðili var einungis að rjúfa gat í skyggnið, að höfðu samráði við starfsmann Kópavogsbæjar, til að koma að gámi upp við húsið, en ekkert niðurrif á húsinu var hafið, enda engin leyfi til niðurrifs þess fyrir hendi. Það er því ekki rétt hjá kæranda að niðurrif hússins hafi verið hafið.

Kröfur Kópavogsbæjar

Kópavogsbær krefst þess að kærumáli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni þar sem engri kæranlegri ákvörðun þess efnis að byggingarfulltrúi hafi ákveðið að aðhafast ekki í málinu er til að dreifa. Þvert á móti stöðvaði byggingarfulltrúi umræddar framkvæmdir án tafa til bráðabirgða og verður í ljósi þess ekki séð að kærandi eigi neina lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn nefndarinnar varðandi meint aðgerðarleysi byggingarfulltrúa í málinu. Ekki er heldur með góðu móti hægt að átta sig á hvaða verkstjórn byggingarfulltrúa er kærð, en byggingarfulltrúi sinnir engri verkstjórn á lóðinni.

Kópavogsbær ítrekar þá kröfu að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og umsögn þessari er þess óskað að Kópavogsbær fái að tjá sig um þær áður en til úrskurðar kemur.

Virðingarfyllst,

Harri Ormarsson
lögmaður

